

Sannleiks-hlut á heima-lörð
 Hugans drógstu mikinn,
 Og um vorsins eyði-strönd
 Áttu handar-vikin.

Sæmd þín hreinlát hætti á
 Holl-verk, þörf, en skitin,
 Slor-fjörunum hélztu' ei hjá
 Höndum fyrir vitin.

Engin garpur gat þér fylgt
 Gegnum vos og þreytu,
 Hefir alla af þér siglt—
 Eins í byr og steytu.

Allir við þig vægðu sér,
 Víkingar og gaudin,
 Enginn kunni' að ögra þér—
 Ekki sjálfur dauðinn.

Fæstir réðu' í rúm þér hjá
 Raga gæfu sína.
 Flestir lögðu fordóm á
 Formenskuna þína.

Þegar undir fall og fjúk
 Fleyttir stafni knarar.
 Leti' og óvild öfundsjúk
 Óskuðu sneypu-farar.

Lífs-von settist undir ár
 Ein á þóftu hjá þér—
 Strandar-glópum steypi-sjár
 Stefjaði kveðjur frá þér

„Þjóð-trú, vertu þess ei duld,
 Þú mátt ráða' og eiga
 Upp á þína skota-skuld
 Skips-höfn hverja feiga.“